Nr. 19.
4.
nóvbr.

# Lög

um

## gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Fræðigreinir þær, er kenna skal í skóla þessum, eru þessar: íslenzka, danska og enska, saga og landfræði, einkum þó landfræði og saga landsins ásamt yfirliti yfir löggjöf þess í landsrjetti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, einföld dráttlist, og í náttúrufræði meginatriðin úr mannfræði, dýrafræði, grasfræði, steinfræði, jarðfræði, eðlisfræði og efnfræði; söngur og leikfimi.

2. grein.

Þrír skulu kennarar við skólann; er einn þeirra skólastjóri, og hefur hann að launum 3,000 kr. og leigulausan bústað í skólanum, fyrri kennarinn 2,000 kr., en hinn 1,600 kr.

3. grein.

Landstjórnin hefur á hendi yfirumráð og yfirumsjón skólans.

4. grein.

Kostnaður allur til skólans greiðist úr landssjóði.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 4. dag nóvbrm. 1881.*

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 19.
4de
Novbr.

# Lov

om

## Realskolen paa Mødruvellir.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

De Fag, hvori der skal gives Undervisning i denne Skole, ere følgende: Islandsk, Dansk og Engelsk, Historie og Geografi, dog især Islands Geografi og Historie, tilligemed en Oversigt over dets Forfatnings- og Forvaltningsret; Regning, Geometri og Landmaaling, almindelig Tegning og i Naturhistorie Grundtrækkene af Zoologien, Botaniken, Mineralogien, Geologien, Fysiken og Chemien, Sang og Gymnastik.

§ 2.

Ved Skolen ansættes tre Lærere, hvoraf den ene er Skolens Bestyrer. Der tillægges ham en Løn af 3,000 Kr. og fri Bopæl i Skolen; første Lærer lønnes med 2,000 Kr., anden Lærer med 1,600 Kr.

§ 3.

Landsregjeringen har Overbestyrelsen over og Overtilsynet med Skolen.

§ 4.

Alle til Skolen medgaaende Udgifter udredes af Landskassen.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 4de November 1881.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*